Málsnúmer: 1703375
Móttekið: 28.3.2017

# Umsókn um styrk úr þróunarsjóði leikskóla í Garðabæ

## Upplýsingar um umsækjanda

| Nafn | Kennitala |
|---|---|
| Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir, Anna María Sigurjónsdóttir | 1704684149, 270471-4639 |

## Ábyrgðamaður/-menn verkefnis

| Nafn/nöfn | Vinnustaður | Netfang |
|---|---|---|
| Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir, Anna María Sigurjónsdóttir | Hæðarból | johannaolafsd@gmail.com, asbud51@gmail.com |

## Samstarfsaðilar

| Tengiliður | Vinnustaður | Netfang |
|---|---|---|
| | | |

| Tengiliður | Vinnustaður | Netfang |
|---|---|---|
| | | |

## Tímasetning verkefnis

| Upphafsdagur | Lokadagur |
|---|---|
| 14.08.2017 | 31.01.2018 |

Heiti verkefnis

Barnakór Hæðarbóls

Hvernig verður markmiðum náð? - Matsáætlun

Börnin taka þátt í kóræfingum sem eru að jafnaði einu sinni í viku 30 mínútur í senn. Að auki fá börnin tækifæri til að æfa lög og texta betur á sinni deild í söngstundum ef þurfa þykir. Börnin læra að standa í kórröðun og fylgja kórstjóra. Til að ná því standa þau á kórmottum og eiga því sinn stað, þannig ná þau einbeitingu og að bera virðingu fyrir sínu plássi í kórnum og plássi hinna barnanna, þessi liður er líka mikilvægt innlegg í að börnin læri að bera umhyggju fyrir hvert öðru. Í kórstarfinu læra börnin að þau eru hluti af hóp og eru þau öll jafn mikilvæg. Þau læra að hlusta á hvort annað en heyra um leið sína eigin rödd, ná samhljómi og bera þannig samábyrgð á að mynda kórinn. Börnin eflast í að fylgja mismunandi hryn og hrynjanda í tónlist og texta sem þau eiga að læra utan að yfir veturinn til að flytja á tónleikum á vorönn 2018. Til að efla þau og styrkja á þeirri vegferð koma þau fram á smærri viðburðum og syngja. Á lokatónleikum kórsins á að sjást hve börnin eru stolt og ánægð af vinnu sinni yfir veturinn, að það sem þau geta ekki ein geta þau gert saman.

Tenging við skólanámskrá leikskólans

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Á Hæðarbóli hefur verið öflugt tónlistarlíf í mörg ár og því má segja að Kórinn sé næsta skref til að taka það góða starf lengra. Skólanámskrá Hæðarbóls byggir á Aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Garðabæjar. Kórstarfið tengist fleiri en einum færniþætti skólanámskrárinnar en helst ber að nefna læsisþáttinn en hrynjandi í texta og skilningur á því sem sungið er um byggir undir málþroskann á marga vegu. Hlustun er mikilvæg í kórastarfi en hlustun er grundvöllur undir færni til að ná tökum á tungumáli og efla málskilning. Nótnalæsi er einn þáttur læsis og tengist t.a.m. stærðfræðilæsi með beinum hætti en hrynur og taktar verða teiknaðar upp og klappaðir og er þetta hrein viðbót við læsisstefnu Hæðarbóls. Kórstarfið tengist líka beint inn á sköpun en kórinn er að vinna saman að því að skapa skólanum sérstöðu með innihaldsríku og öflugu tónlistarstarfi. Lýðræðis- og mannréttindaþátturinn er mikilvæg hæfni sem kórstarfið kemur til með að efla en hér er þátttaka allra kórmeðlima virkt og kórfélagarnir átta sig á samábyrgð sinni í að flutningar tónlistarinnar megi verða sem bestur. Kórstarfið er því kjörinn vettvangur til að efla samskipta- og félagsfærni sem er eitt besta veganesti sem börn hafa með sér út í lífið.

Tenging við áhersluþætti sjóðsins

- [ ] Innra mat og skólaþróun
- [ ] Upplýsingatækni í kennslu og gerð námsefnis
- [x] Samskipta- og félagsfærni
- [ ] Hreyfing og velferð
- [ ] Sjálfbærni
- [x] Samvinna innan og á milli skóla og skólastiga

Ávinningur verkefnisins fyrir leikskólann og skólasamfélagið í Garðabæ

Á Hæðarbóli starfa kennarar með fjölbreytta menntun þar á meðal tónlistarmenntun, kórastarfið er því liður í að nýta mannauð skólans og auðga starfið með börnunum. Starf skólans verður með komu barnakórsins litað lifandi tónlistarstarfi sem verður miðlað áfram í nærsamfélagið með ýmsu móti. Hæðarból hefur lagt áherslu á nám þvert á skólastig, sbr. heimspekina. Kórinn verður liður í að halda því starfi og þeirri hugsun áfram en hann kemur til með að syngja í grunnskólum bæjarins sem og á öðrum stofnunum eins og Hjúkrunarheimilinu Ísafold, Jónshúsi, Bæjarskrifstofunni, Bókasafninu og víðar eða þar sem því verður við komið. Á Hæðarbóli hefur í gegnum tíðina safnast saman ógrynni af lögum og ljóðum, þetta verkefni gefur skólanum tækifæri til að taka saman efnið og halda því til haga og miðla til annarra skóla ef áhugi er fyrir hendi. Börnin í kórnum fá í lok vorannar sönghefti með lögum, textum og myndum af æfingum og atburðum sem þau hafa tekið þátt í yfir veturinn sem verður skemmtilegt og gagnlegt fyrir þau að eiga.

Tímasett framkvæmdaráætlun - Helstu verkþættir - Hvenær eru þeir unnir?

15. 8. - 31. 8. Tónlist vetrarins skipulögð af verkefnastjórn, ráðgjöfum og ábyrgðarmanni verkefnis. Námsgögn útbúin, lagaval ákveðið, nótur og taktar teiknaðir, textar laga gerðir myndrænir til að auðvelda lærdóm og annað slíkt. Kórbúningar ákveðnir og keyptir. Heppilegar mottur (sambærilegar og Suzukiskólar nota) keyptar og annar undirbúningur fyrir kórstarfið.
1. 9. - 20. 12. 2017 - Kóræfing einu sinni í viku. Undirbúningur fyrir þær áætlaðar ein klukkustund fyrir kórstjóra og undirleikara.
1. 9. - 30. 11. 2017 - Verkefnisstjórar og undirleikarar koma saman einu sinni í mánuði á fund og fara yfir framvindu verkefnis og ákveða framhaldið.
Desember 2017 Kórinn verður með sérstaka jólatónleika á Hæðarbóli og amk á einum öðrum stað i Garðabæ (Jónshúsi eða Ísafold) sem er liður í að þjálfa þau í að koma fram og fyrir okkur að meta verkefnið.
15. 1 - 15. 5. 2018 - Kóræfing einu sinni í viku. Undirbúningur fyrir þær áætlaðar ein klukkustund fyrir kórstjóra og undirleikara

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

15. 1. -  31. 5. 2018 - Verkefnisstjórar og undirleikarar koma saman einu  sinni í mánuði á fund og fara yfir framvindu verkefnis og ákveða framhaldið.
Maí  - 2018 - Barnakór Hæðarbóls kemur fram á tónleikum hér og þar í Garðabæ
Maí - 2018 - Verkefnisstjórar Anna María og Jóhanna Guðrún taka saman starfið og rita skýrslu og útbúa kórheftið fyrir börnin.

## Ráðgjafar verkefnisins

| Nafn | Hlutverk |
|---|---|
| Ragnheiður Eva Birgisdóttir, starfsmaður á Hæðarbóli (7.500 kr) | Undirleikur, útsetningar og efnisval |
| Anna K. Svanlaugsdóttir, starfsmaður á Hæðarbóli (7.500 kr) | Undirleikur, útsetningar og efnisval |
| Sigurveig Björnsdóttir, starfsmaður á Hæðarbóli (7.500 kr) | Myndgera söngtexta |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## Kostnaðaráætlun - Um áætlaðan raunkostnað er að ræða

Kostnaðarliður:

Laun þátttakenda samtals:

2.115.000 kr. = 282 klst.

*Tímafjöldi x 7.500 kr*

Laun sérfræðinga og ráðgjafa/námskeið, samtals:

*Tímafjöldi x 12.000 kr*

Efniskaup, samtals:

551.250 kr.

Samtals áætlaður kostnaður:

2.666.250. kr.

Efniskaup, sundurliðun

Kórbúningur - 35 stk. 2500 kr. stk. = 87.500
Rútuferðir 100.000
Efniskostnaður - 50.000 kr. plöst, karton pappír, gormar fyrir bækur, breiður túss fyrir nótnaskrift, blek í prentara, límstifti, o.fl.
Gítar með pikköpp til að tengja við magnara - 70.000 kr
Magnari, tveir míkrafónar með stadífum, snúrur og nótnastadíf = 170.000 kr.
Trommur og kjuðar til að læra hryn og slá takta - 10 stk. á 6500. kr. = 65.000
Súzukimottur (diskamottur) 35 stk. 250 kr. stk. 8.750 kr.

Kostnaðaráætlun:

Barnakór Hæðarbóls_framkvæmdarrit.xlsx

Garðabær dags.

Ábyrgðamaður umsóknar

Sigurborg Kristjánsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026